



Alþingi
Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík

Selfossi, 4. maí 2018

Efni: Umsögn stjórnar SASS um frumvarp til laga um skipulag haf- og strandsvæða, 425. mál.

Stjórn Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga (SASS) tekur undir umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga um frumvarpið frá 4. maí.

Stjórn SASS áréttar sérstaklega að í 5. mgr. 5. gr. frumvarpsins er tilgreint að allir fulltrúar ríkisins í svæðisráði verði að vera samþykkir afgreiðslu ráðsins. Verði lögin samþykkt óbreytt hafa fulltrúar ríkisins í raun neitunarvald. Fulltrúar í ráðinu sitja þar með ekki á jafnræðisgrundvelli og segja má að einstaka fulltrúar ríkisins ráði för. Leysa mætti framangreint með sem dæmi að við samþykkt mála sé gerð krafa um aukinn meirihluta atkvæða í ráðinu. Það fangar betur þá meginreglu að efla skuli staðbundið vald og ákvarðanatöku með tilliti til almannahagsmuna og skynsamrar meðferðar valds og opinberra fjármuna.

Stjórn SASS hvetur til að tillit verði tekið til framangreinds og umsagnar Sambands íslenskra sveitarfélaga áður en frumvarpið verður samþykkt.

Óskað er eftir fundi með umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis til þess að fylgja umsögn um frumvarpið eftir.

Virðingarfyllst,
f.h. stjórnar

Bjarni Guðmundsson,
framkvæmdastjóri